

## 8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbrefa fyrnast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða.

Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbrefa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

## 9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbrefa, vaxta og verðbóta af þeim, fer eftir skattalögum á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1974 og lög nr. 79/1983, og lög nr. 117/1990 og loks sbr. lög nr. 76/1989, 2. gr., s-lið. Húsbref eru framtalsskyld.

## 10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 76/1989 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988 og lög nr. 70/1990, öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. nóvember 1990.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Berglind Ásgeirsdóttir.*

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu á breytingum á staðfestu aðalskipulagi Hafnarfjarðar  
frá 17. nóvember 1982 og deiliskipulagi í Hvömmum frá  
14. ágúst 1979.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, frá 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 31. október 1990 staðfest uppdrátt er sýnir breytingar á áður staðfestu aðalskipulagi Hafnarfjarðar frá 17. nóvember 1982 og staðfestu deiliskipulagi í Hvömmum frá 14. ágúst 1979.

Breytingarnar eru fólgnar í því að áður fyrirhugað íbúðasvæði við Lindarhvammi breytist í opið svæði til sérstakra nota og lóð fyrir verslun og þjónustu við Suðurbraut breytist í íbúðarhúsalóð.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

*Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1990.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Hólfríður Snæbjörnsdóttir.*